# Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

## Breyting - Þinggerði




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

0 0,5 1 2 3 4 5 km N

**Greinargerð**

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar verslunar- og þjónustusvæði VÞ16 sem er breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu S5. Samhliða er heiti lóðar í aðalskipulagi breytt og stærð og byggingarskilmálar uppfærðir.
Á svæðinu verður starfsemi slökkviliðs og björgunarmiðstöðvar. Markmið með breytingunni er að þeirri starfsemi verði tryggð heppileg staðsetning og viðunandi húsnæði með öryggi að leiðarljósi. Unnið verður deiliskipulag fyrir lóðina.
Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð.

**Breytingar á uppdrætti**

Í gildandi aðalskipulagi er skilgreindur punktur fyrir verslunar- og þjónustusvæðið VÞ16 sem er skipt út fyrir samfélagsþjónustu S5.

**Breytingar á greinargerð**

**Kafli 3.2.3 Verslun og þjónusta (VÞ)**

Breyting á töflu fyrir verslunar- og þjónustusvæði.
Eftirfarandi lína í töflu er felld út:

| NR. | HEITI | STÆRÐ (HA) | LÝSING OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|
| VÞ16 | Borg – sunnan vegar | 2 | Á svæðinu er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi í allt að 1000 m². |

**Kafli 3.2.5 Samfélagsþjónusta (S)**

Breyting á töflu fyrir samfélagsþjónustu.
Sett er inn nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu S5 og eftirfarandi umfjöllun og skilmálar um það:

| NR. | HEITI | STÆRÐ (HA) | LÝSING OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|
| S5 | Þinggerði 1 | 2 | Á svæðinu er gert ráð fyrir þjónustubyggingum s.s. slökkvi- og björgunarmiðstöð og aðstöðu fyrir björgunarsveit. Hús verða sambyggð eða í fleiri byggingum sem verða á einni til tveimur hæðum. Heildarbyggingarmagn er allt að 1.200 m². Stærð svæðisins er um 1,7 ha. |

**Umhverfisáhrif**

Breytingin er talin hafa óveruleg umhverfisáhrif þrátt fyrir aukið byggingarmagn. Eftir sem áður er gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu til þjónustustarfsemi og er það metið svo að lítill munur sé á því hvort þar verði byggt upp fyrir verslun og þjónustu eða fyrir samfélagsþjónustu. Svæðið er raskað, á grónu túni og engar skráðar fornminjar innan þess. Nánar verður gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagi.

**Skýringar**

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Athafnasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Miðsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Verslun- og þjónusta
- Rafveita, loftlína
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Þéttbýlismörk
- Svæði sem breytingin nær til

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann 07.05.2025

F.h. Grímsness- og Grafningshrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 17. júlí 2025

Skipulagsstofnun

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

EFLA

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Breyting - Þinggerði

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 111959 | A3 | GAL | SOS/ÁJ |

| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: |
|---|---|---|
| 1:50.000 | 25.04.2025 | |